


Leiðbeiningar fyrir kortasjá

Í kortasjónni er hægt að skoða AMS kort, Atlas kort, Grunnkort og gervitunlamyndir og ýmis önnur kortalög. Einnig er hægt að leita eftir örnefnum, bæjum, götunöfnum o.fl. Hægt er að fá upp þína staðsetningu, finna og merkja hnit inn á kortið og fá nánari upplýsingar um kortalög ef smellt er á þau á kortinu.



Kortalög

Veldu kortalag fyrir bakgrunninn

- AMS
- Atlas
- Gervitunglamynd
- Innrauð Gervitunglamynd
- Kort
- Landslag

Veldu önnur kortalög

- Örnefni, IS 50V
- Vegir, IS 50V
- Söguleg kort dana
- Sögulegar ljósmyndir dana
- Landgerðir, CORINE 2012
- Landgerðir, CORINE 2006 uppfært
- Landgerðir, CORINE 2006
- Breytingar, CORINE 2006-2012
- Breytingar, CORINE 2000-2006
- Landgerðir, CORINE 2000
- Þéttbýli, IS 50V
- Mannvirki í dreifbýli, IS 50V

Í þessum kortalaga glugga er hægt að velja sér kort til þess að hafa í bakgrunni.

Hægt er að smella á kortið sjálfst þegar kortalög hafa verið valin og fá upplýsingar. T.d. ef sögulegar ljósmyndir Dana eru valdar er hægt að smella á þær á kortinu og fá upp ljósmyndina. Einnig ef t.d. Landgerðir, Corine 2012 er valið, er hægt að smella á kortið og fá nánari upplýsingar um landgerð.

Fitjugögn

Landgerðir, CORINE 2012

Type	Moors and heathland
Tegund	Mólendi, mosi og kjarr
Kóði	322

Fitjugögn


Sögulegar ljósmyndir dana

Staður Stykkishólmur

Mynd https://atlas.lmi.is/islandskort-dana/ljosmyndir/2_030.jpg



Með því að smella hér opnast kortagluggi landupplýsingagáttar. Þarna er hægt að sjá gögn frá mismunandi aðilum.



Sýna hnit þegar músin er hreyfð

Smelltu á staðsetningu á kortinu til að sjá hnit eða sláðu inn hnit og smelltu á **Miðja kort** til að miðja kortið út frá hnitunum